

Tillögur stjórnar Kaldalóns hf. til aðalfundar þann 19. apríl 2021

1) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 og ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu (dagskrárliður 2)

Lagt er til að ársreikningur ársins 2020 verði samþykktur eins og hann er lagður fram.

Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021, vegna rekstrar ársins 2020.

2) Kosning stjórnar (dagskrárliður 3)

Í framboði til stjórnar eru:

Jón Skaftason

Helen Neely

Gunnar Hendrik B. Gunnarsson

Í framboði til varastjórnar er:

Steinþór Ólafsson

3) Kjör endurskoðanda félagsins (dagskrárliður 4)

Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið PricewaterhouseCoopers ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2021.

Greinargerð: Stjórn leggur til að núverandi endurskoðandi félagsins verði kjörinn til áframhaldandi starfa.

4) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 5)

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

Greinargerð: Stjórn Kaldalóns hf. hefur það að markmiði með tillögu að starfskjarastefnu, sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, að marka félaginu raunhæfa stefnu um starfskjör sem geri félaginu fært að laða til sín starfsmenn í fremstu röð og tryggja þar með samkeppnishæfni félagsins að teknu tilliti til laga og reglna.

5) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðanda (dagskrárliður 6)

Lagt er til að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 300.000,- á mánuði og annarra stjórnarmanna kr. 150.000,- á mánuði. Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði ákveðin kr. 75.000,- fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Endurskoðun verður greidd samkvæmt reikningi.

Greinargerð: Tillagan er óbreytt frá fyrra ári.

